



Boðorð og siðaboðskapur

Innan kristninnar eru ákveðnar grundvallarreglur sem kristnum mönnum ber að fara eftir. Þessar reglur nefnast boðorðin tíu. Í Gamla testamenti Biblíunnar segir frá því þegar Guð birtist Móse á Sínaí-fjalli og opinberaði honum boðorðin tíu og því eru þau orð Guðs. Boðorðin segja mannum hvernig honum beri að haga sér gagnvart Guði, fjölskyldu og samfélaginu. Þessar grundvallarreglur hafa lítið breyst í aldanna rás og eru að mestu leyti eins



innan allra kristinna kirkjudeilda. Í Nýja testamentinu er talað um hið tvöfalda kærleiksboðorð. Kærleikurinn er grundvöllur kristlegs siðgæðis og daglegt líf kristinna manna á að snúast um kærleikspjónustu við Guð og náungann. Jesú Kristur sýndi það sjálfur í verki og var því fyrirmynd að því sem hann kenndi lærisveinum sínum. Samkvæmt Jesú á hið daglega líf að snúast um þessi boðorð.

„Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum, og náunga þinn eins og sjálfan þig“ (Lk10.27).

Með því að hafa kærleikann að leiðarljósi uppfylla kristnir menn boðorðin tíu sem Guð opinberaði Móse og fylgt hafa gyðingum og kristnum mönnum í gegnum aldirnar. Hægt er að lesa boðorðin tíu í kaflanum Sáttmálinn á Sínaí-fjalli sem er að finna í köflunum um Gyðingdóm.

Spurningar

1. Hvað eru grundvallarreglur kristinna manna yfirleitt kallaðar?
2. Búðu til 5–10 reglur sem þér finnst að allir ættu að fara eftir.
3. Hvernig hljómar kærleiksboðorðið?
4. Hvað heldur þú að sé átt við þegar sagt er að fólk eigi að hafa kærleikann að leiðarljósi?